

Fundargerð

Slysavarnafélagið Landsbjörg

Fundarstaður: Reykjavík, Suðurlandsbraut 24, Umhverfisstofnun

Fundartími: 5. júní 2019, kl. 13:00-14:00

Fundarritari: Þórdís Björt Sigþórsdóttir

Fundarmenn:

Hákon Ásgeirsson – Umhverfisstofnun

Jónas Guðmundsson Landsbjörg

Þórdís Björt Sigþórsdóttir – Umhverfisstofnun

Farið yfir gerð stjórnunar og verndaráætlunar í upphafi fundar og markmið með henni.

Jónas kynnti fyrir fundarmönnum BA ritgerð þar sem hann setti fram hugmyndir um stýringu á Laugaveginum, lítill hljómgrunnur fyrir 11 árum, í allri stýringu eru tveir lykilþættir verndun náttúru og verndun ferðamannsins.

Landsbjörg hefur verið með um eitt banaslys á ári í kringum Landmannalaugar. Þeir leggja áherslu á að gönguleiðum sé stýrt, það er hægt að gera með fjölda, einstefnu, fjöldi per dag, stærð hópa, o.s.frv. Óheft aðgengi, þá er fólk að fara í mismunandi aðstæðum, jafnframt hefur verið lögð áhersla á að greindir verði ákvörðunarpunktur (decision points).

Decision points (ákvörðunarpunktur/staðir) - þegar göngumaður/ferðamaður tekur ákvarðanir, annaðhvort meðvitaðar eða ómeðvitaðar, kemur að vegprestum, tekur meðvitaða ákvörðun. Ef það eru ekki vegprestar þá tekur hann ómeðvitaða ákvörðun, hægt að rekja flest óhöpp og atvik til svona ákvörðunarpunkta (decision point) þegar ekki er skýrt hvert á að fara.

Við Stórahver, áður en nýju vegprestararnir komu, þá gastu beygt til vinstri, nöfnin voru svo villandi, þannig gerðist eitt banaslys, viðkomandi fannst upp í Háöldu, var í brjáluðu veðri, í ágætu formi og útbúinn, kemur niður úr Hrafninnuskeri, stoppar við Stórahver og beygir eftir leiðinni og finnur svo út að hann er kominn á vitlausan stað, fleiri svona dæmi.

Gríðarlega mikilvægt að kortleggja í friðlandinu á gönguleiðum decision points, þar séu þá merkingar sem vísi fólki réttar leiðir, bæði öryggi ferðamanna og verndun náttúru.

Leggja áherslu á að gönguleiðum sé stýrt. Í Nýja Sjalandi settir niður prestar- decision points, út frá því hvernig landið liggur, getur verið lítil ör eða stika, með upplýsingum hvað er langt eftir, að minnsta kosti skýrt hvert þú ert að fara.

Þarf að útfæra hvort eigi að vera saman hjól og göngufólk, ákveðin hætta á slysum út af hjólum.

Minniháttar slys sem Landsbjörg hefur sinnt vegna hjólaslysa. T.d. setja reglu aðhjólin skulu vera teymd á ákv. Stöðum/á ákveðnum tíma dags.

Landsbjörg leggur áherslu á að það sé farið að huga að því að setja númer og hnit á stikur og vegpresta, þetta hjálpar til við að finna fólkið hraðar

Landsbjörg fengu einhvern í háskólanum til að skrifa upp örnefnin fyrir enskumæland. Hjálpar erlendum ferðamönnum að geta upplýst hvar þeir eru staddir.

Á Fjallabakssvæðinu eru almennt á hverju ári um 200 útköll bara í júlí og ágúst.

Nýtt deiliskipulag í Landmannalaugum gerir ráð fyrir aðstöðuhúsi fyrir björgunarsveitir. Landsbjörg telja þörf á góðri aðstöðu fyrir hálendisvaktina, umhverfislíti að vera með þennan rauða gám, fagna því ef það verður sett upp aðstaða aðstöðu.

Megin verkefni hálendisvaktar er leit og björgun, skjótari að leysa úr þeim með því að vera í Landmannalaugum. Svo er sinnt slysavörnum og eru að leiðbeina og hjálpa. Svo þriðji hlutinn sem er félagslegur, björgunarsveitarhóparnir læra á svæðin, hitta landverði og skálaverði og upplifa náttúruna, á þessum stað. Þetta eru um 8 manns á vakt hverju sinni, tveir hópar. Besta staðsetningin fyrir þá er Landmannalaugar vegna fjöldans. Líklega að alvarlegri atvik komi þar sem fjöldinn er.

Landsbjörg telur að landverðir séu of fáir. Þeir eru að upplýsa um gönguleiðir og akstursleiðir, H: finnst þeim að það eigi að vera kröfur um björgunarsveitaréttindi?

Jónas benti á að mögulega væri æskilegt að þróunin verði sú að landvarðaréttindi verði í nokkrum þrepum og eitt þrepið væri þá leit og björgun. Kannski um 4-6 helgar sem þarf til að auka menntun landvarða hvað varðar leit og björgun.

Landsbjörg hefur áhuga á að koma að uppsetningu skilta er varðar öryggi ferðamanna. Hafa komið inn með ákveðna sýn sem UST er síður með varðandi öryggismálin, saman er hægt að gera betra skilti en ella. Upp í Hrafninnusker þá er öryggisþátturinn t.d. orðin stærri en í Laugahringnum.

Vakinn er með öryggishandbók – byggir á áhættumati og viðbragðsáætlun og skýrslu, æskilegt væri að öll ferðaþjónustufyrirtæki væru með Vakann.

Eitt annað í stýringu – leggja áherslu á að Vegagerðin merki vöð betur, allt upp í 162 tilvik þar sem bílar eru fastir í ám, tjónið aðallega á ferðamanninn. Fyrir tveimur árum fékk Vegagerðin 2 milljónir til að búa til ný skilti. Skiltin voru búin til og eru miklu betri en núverandi skilti. Samhliða var gerður vaðalisti yfir öll vöð á hálendinu og vöð erfiðleikagreind. Þessi skilti sem búið er að búa til eru ekki komin upp nema á einum stað. Eru grænar, gular rauðar.

Fundi slitið 15:50